

Nd.

507. Breytingartillaga

[221. mál]

við frv. til laga um búnaðarmálasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Vöru- og leigusala í landbúnaði skiptist í tvo gjaldflokka.

Af afurðum þessara búgreina skal greiða 0.25% gjald:

- a. Alifugla- og svínarækt.
- b. Fiskeldi, fiskrækt, veiðileigu og leigu á landi til annarra nota en búrekstrar.

Af afurðum annarra búgreina en áður eru nefndar skal greiða 0.50% gjald, þ. á m.:

- a. Nautgripaafurðum.
- b. Sauðfjárafurðum.
- c. Garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar.
- d. Loðdýraafurðum.
- e. Afurðum hrossa.
- f. Með reglugerð skal ákveða, eftir því sem ástæða þykir til, gjald af sölu lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum og annarri leigu hvers konar söluvöru í landbúnaði.